

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík skólaárið 2019-2020

Samkvæmt Þjóðskrá Íslands voru í janúar 2020 15.385 börn á grunnskólaaldri skráð með lögheimili í Reykjavík.

Þar af stunda 14.028 nemendur nám í almennum grunnskólum Reykjavíkurborgar, 96 í sérskólunum tveimur og í sjálfstætt starfandi grunnskólum í Reykjavík stunda 629 reykvískir nemendur nám. Samtals eru þetta 14.753 nemendur af fyrrnefndum 15.385.

Nám í almennum skólum í öðrum sveitarfélögum á Íslandi stunda 170 reykvísk börn og í sjálfstætt starfandi skólum utan Reykjavíkur stunda 79 reykvísk börn nám. Þá eru 10 börn sem annað hvort ættu að öllu jöfnu að vera 10. bekkingar í dag en eru þegar útskrifuð eftir 9 ára nám eða ættu að vera byrjuð í grunnskóla en eru í leikskóla.

Samtals 194 börn með lögheimili í Reykjavík eru staðsett erlendis og því ekki skráð í grunnskóla á Íslandi. Það eru börn sem dvelja tímabundið erlendis með foreldrum sínum, m.a. börn starfsmanna í sendiráðum. Eftir standa 179 börn sem óljóst er hvar stunda nám. Talið er líklegt að þau séu í skólum utan Reykjavíkur þar sem skráningarkerfi fyrir nemendur eru önnur en þau sem starfsfólk skóla- og frístundasviðs hefur aðgang að eða hafi flust erlendis með foreldrum sínum. Í slíkri stöðu er fyrst kannað hvort stjórnendur grunnskólanna viti hvar nemendurnir eru, síðan eru send bréf á lögheimili foreldra þessara barna þar sem spurst er fyrir um í hvaða skóla börnin stunda nám. Sú vinna stendur nú yfir. Ef það ber ekki árangur verður unnið með þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar við frekari eftirgrennslan. Hafi enn ekkert komið í ljós varðandi skólagöngu einhverra barna kemur Barnavernd Reykjavíkur að úrvinnslu.

Sjá samantekt á ofangreindum upplýsingum í meðfylgjandi töflu.

Skólavist	Fjöldi nemenda	Hlutfall
Almennir skólar Reykjavíkurborgar	14028	91,2%
Sérskólar Reykjavíkurborgar	96	0,6%
Sjálfstætt starfandi skólar	629	4,1%
Samtals í skólum í Reykjavík	14753	95,9%

Almennir skólar utan Reykjavíkur	170	1,1%
Sjálfstætt starfandi skólar utan Reykjavíkur	79	0,5%
Útskrifaðir eftir 9 ára nám eða í leikskóla	10	0,1%
Nemendur erlendis/sendiráð	194	1,3%
Mál í ferli	179	1,2%
Samtals með lögheimili í Reykjavík	15385	100%

Í meðfylgjandi fylgiskjali er skipting nemenda eftir árgöngum niður á skóla í Reykjavík 1. október 2019. Þá stunduðu samtals 15.253 nemendur nám í grunnskólum í Reykjavík. Hér er um að ræða alla nemendur í skólum Reykjavíkur, annarsvegar fyrrnefnda 14.753 nemendur sem eiga lögheimili í Reykjavík og hinsvegar þá 500¹ nemendur sem ekki eiga lögheimili í Reykjavík heldur eru búsett í öðrum sveitarfélögum, eru kennitölulaus og einstaka barn með lögheimili erlendis.

Grunnskólabörn með lögheimili í Reykjavík voru á seinasta skólaári 15.175 og hefur þeim fjölgað um 210 á milli ára sem jafngildir 1,4% fjölgun. Börnum sem stunda nám í grunnskólum í Reykjavík fjölgaði úr 15.097 haustið 2018 í 15.253 haustið 2019 sem er fjölgun um 156 nemendur sem jafngildir 1% fjölgun.

¹ Talan 500 fæst með því að draga samtölu barna á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík og sem stunda nám í grunnskólum í borginni frá samtölu allra nemenda sem eru í grunnskólum í Reykjavík. Eins og minnisblaðið gefur til kynna eru tölur yfir grunnskólabörn með lögheimili í Reykjavík frá því í janúar 2020 en tölur yfir nemendafjölda í grunnskólum í Reykjavík frá 1. október 2019. Það kann því að vera að heildarnemendafjöldinn í Reykjavík hafi breyst lítillega á þeim 3 mánuðum sem þarna skeikar og mismunurinn á samtölunum tveimur sé í janúar 2020 ekki nákvæmlega 500. Verið er að uppfæra nemendaskrárkerfi fyrir grunnskóla Reykjavíkur sem mun auðvelda til muna ut anumhald tölfraðilegra upplýsinga og gert er ráð fyrir að í lok árs 2020 verði bæði hægt að gera grein fyrir skiptingu nemenda eftir árgöngum niður á skóla í Reykjavík og hvar aðrir nemendur með lögheimili í Reykjavík stunda nám miðað við 1. október 2020.